# Árni. J. I. Árnason

Bjarni Benediktsson – Árni. J. I. Árnason

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-6, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni J. J. Árnason
Bergstaðastræti 80
Sími 2107

Reykjavík 22/11 1940

Hr. borgarstjóri!

Eins og þjer vafalaust hafið orðið var við, eru borgarar bæjarins, – þeir sem um slík mál hugsa, undrandi og gramir yfir meðferð fjár í umrót gatna og raforkufargani. Það er varla lokið malbikun götu, þegar farið er að grafa í hana aftur – annaðhvort vegna einhvers sem hefur gleymst að leggja í hana, eða aðgerðar á því sem fyrir var. Í tvær götur hafa reindar verið steiptar rennur – Laufásveg og Skólav.st. hve vel þær hafa reynst, veit ég ekki, en ~~[illegible]~~ ég tel þær óþarflega mikil mannvirki og ófríðu megin í gangstéttinni. Fyrir rafæðar og símaæðar ætti að vera steiptur stokkur alveg upp með húsunum, með loki yfir, en ekki í miðri breiðri gangstétta. Því það er óþarfa eiðsla á dýrum rafæðum sem óhjákvæmilega eru fleyri tengdar í hús en götuljósker. Þettað verk ætti að fara fram um leið og gengið er frá hitaveitu stokkunum. Einnig truflar það minna umferð, að gjöra við

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II

Árni J. I. Árnason

að upp við hús eru í innri brún gangstétta.

Þá vilja menn ekki trúa því, að raforkan frá Sogi og Elliðaám sé þegar á þrotum – frá stöð sem átti að fullnægja Suðurlandsundirlendi, Vestmannaeyjum, Akranesi og jafnvel norður á Snæfellsnes þegar verið var að gylla fyrirtækið. Menn álíta, að rafæðakerfi bæjarins hafi ekki verið hæft til að flytja svona mikinn straum, æðarnar séu of grannar. Það eru vitanlega ekki allt raffræðingar, sem um þessi mál tala, en það þarf heldur ekki raffræðing til að bera saman þessar staðreyndir – hvað sagt var, og hvað er. – hver aukning hefur orðið í bænum frá því Sogsstöðin var byggð.

Þá finnst mér einkennilegt hvernig spennistöðvum og þá sennilega aðalæðum er fyrirkomið í bænum, þær eru að mér virðist á ólíklegustu stöðum – settar af handahófi.

Ég býst við, að hverjum manni – sem ekki er verkfræðingur – fyndist eðlilegast, að lagðar hefðu verið aðalæðar í Hringbraut að sunnan og Skúlagötu að norðan umhverfis bæinn, sem síðan fæða hinar greinar æðar um bæinn, og finnst mér að með því hlyti að verða minni truflanir í bænum þó bilanir yrðu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III

Árni J. T. Árnason

og ég býst við að það sé eina ráðið til að losna við það vandræða ástand sem nú er á þessum sviðum, að leggja slíkar æðar, og hætta að grafa upp malbikaðar götur til að setja búta af sverari æðum milli greinar eða sem aldrei verður örugt.

Ég er ekki raffræðingur, en þetta eru atriði sem hver meðalgreindur maður getur sagt sér sjálfur ef hann hugsar um það.

Menn tala líka um, hvernig á því stendur, að bæjarsjóður og landssíminn hafa fjölda verkfræðinga á launum, en þurfi að steypa Tjarnarbrú, eða byggja svokölluð „Kabalhús" þá verði að fá Höjgaard & Schultz til þess - til hvers eru þá verkfræðingarnir íslensku? Innlendir verkamenn og iðnaðarmenn vinna þó verkið. menn svara sjálfum sér, og segja að það geti borgað sig ef þeir útlendu sér um verkhyggnari - en mér fynnst skömm að því.

Það er heldur ekkert í hinni ísl. gatnagerð sem bendir til þess að það séu verkfræðingar, sem kynnst hafi tækni 20. aldarinnar, sem hafi yfirráðin. Það er ekki mikill menningarbragur á því, að sjá verkamenn vera að brjóta grjót með sleggju - hvaða skaði væri skeður, þó meiru væri afkastað fyrir sömu peninga? Það á langt í land, að ekki þurfi að byggja fleyri vegi eða gjöra eitthvað annað en brjóta grjót.

Virðingarfyllst
Árni Árnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 1/11 1940

Hr. borgarstjóri!

Ég sendi yður hér með yfirlit yfir innheimtur á gasi fyrir árið 1940 til 30/10. Ef þér berið saman Jan. og Sept. þá sjáið þér að það er búið að innheimta í 9. mán. fyrir Jan. en að eins 1. fyrir sept. og eftir 3. mán. ætti að vera komið meginið af því.

Af því blöðin hafa verið að birta innheimtu útsvara, þá hélt ég yður þætti gaman að sjá þetta.

Virðingarfyllst

Árni Árnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni J. J. Árnason
Bergstaðastræti 80
Sími 2107

Reykjavík 7/3 1939

Hr. próf. Bjarni Benediktsson.

Mér finnst skylda mín, að benda yður á, afstöðubreytingu sem ég hef orðið var við meðal starfsmanna hér, til stjórnar starfsmannafél. sem sjálfstæðismanna-stjórnar. Það hefir vafalaust verið rekinn undirróður gegn stjórninni á þeim grundvelli, að sjálfstæðismenn gæti ekki stjórnað verkalýðsfélagi, og samningar félagsins við bæjinn, notaðir sem sönnunargagn. Launamálið er búið að vera til umræðu allt síðastliðið ár, og frá því í haust, oft heitar umræður, og það hefir vafalaust oft verið rætt við menn utan starfsmannafél., og ég fyrir mitt leiti, hygg, að það eigi sinn stóra þátt í, að sjálfstæðismenn ekki unnu kosninguna í Iðju. Ég álít stórpólitískt atriði, að sjálfstæðismenn fái meirihluta í stjórnum verkalýðsfélaganna, og haldi honum, en hvorutveggja er óhugsandi, ef samningar við þær stjórnir, eiga að ganga eins og verið hefir við starfsmannafél. Ég veit að launanefnd starfsmannafél. er mjög óheppilega skipuð, en málið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni J. I. Árnason

er svo mikils varðandi fyrir sjálfstæðisflokkinn, þar
sem það ætti að vera sönnunar gagn fyrir því, að
sjálfstæðismenn gæti samið við sjálfstæðismenn, og að
sjálfstæðismenn vilja ~~engu~~ síður bæta kjör sín en
aðrir, og að menn þurfi ekki að vera í verkalýðsfélagi
undir alþýðuflokksstjórn, til að fá skapað sanngjarnt
launakerfi, sérstaklega þar sem ráðandi menn
bæjarins hafa sjálfir látið í ljósi, að launamálaástandið
væri algjörlega ~~að~~ óviðunandi, - að ég tel sjálfsagt, að gæti
launanefnd bæjarins ekki komið vitinu fyrir launanefnd
starfsmannafél. að launanefnd bæjarstj. snéri sér þá
beint til stjórnar starfsmannafél. til að fá málið leyst.

Þegar ég átti tal við yður síðast, áleit ég að
ástæðan fyrir Kyndarakosningunni væri sú, að Magnús
neitaði að taka við kosningu, en við nánari athugun hef
ég komist að því, að það er ekki nema að nokkru leiti,
þeir hafa þarna í fyrsta skifti farið á bak við mig, og
gjört kosningabandalag við lögregluna, ég gjöri ráð
fyrir að það sé Nikulásar og Erlings flokkurinn -
fyrverandi stjórn, sem er að nota sér óánægjuna sem
myndast hefur við drátt launamálsins til að
fella núverandi stjórn, en það er sama og að skaða
sjálfstæðisflokkinn, eins og til þeirrar stjórnarmyndunar

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni J. Þ. Árnason

var stofnað. Með tillögur bæjarstjórnarnefndarinnar eins og ég hef heyrt þær, er ég ánægður að öðru leiti en því að lagningamennirnir hafa verið færðir of langt niður, mér finnst þeir ekki geta verið neðar en í 7. flokki ef kyndararnir eru í 8. annað er ekkert réttlæti, og síst ætti að vera að launa andstæðingana á kostnað sjálfstæðismanna,- og Bjarni Ívarsson afgreiðslum. ætti líka að vera hærri en kyndararnir.

Ég vona að þér lítið ekki á þetta sem afskiftasemi af mér, ég skrifa frá því sjónarmiði, að þér umgangist ekki þessa menn og heyrið því ekki anda í þeim nema frá trúnaðarmönnum flokksins

Virðingarfyllst

Árni Árnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árni J. J. Árnason
Bergstaðastræti 80
Sími 2107

Reykjavík 31/12 1938

Hr. prof. Bjarni Benediktsson

Gleðilegt nýtt ár, þakka yður góða viðkynningu á gamla árinu. Það hefur töluvert verið skrifað og talað um nýbýli undanfarið, og af því þér standið þar framm í flokki sem málinu er ráðið til lykta, leyfi ég mér að senda yður mína skoðun á því máli, þér hafið úr því fleiru að velja.

Frá því Framsóknarflokkurinn hóf starfsemi sína, hefur hann sérstaklega haft velferð sveitabúskaparins og ræktun landsins á stefnuskrá sinni. Allar aðrar atvinnugreinar hafa verið skattlagðar, og nú má segja hver einstaklingur skattpíndur til að bjarga landbúnaðinum. Fyrsta skrefið var verðlaun til bænda fyrir að bæta jarðirnar – gera þær meira arðberandi. næst styrkir til kaupa á áhöldum til að vinna með, þriðja, lánsstofnanir, þar sem bændum er gerður greiður aðgangur að lánum með hagkvæmum kjörum og menn beint hvattir til að taka lán til landbúnaðarframkvæmda, fjórða, skólabyggingar í sveitum, fimmta, bygginga og landnámssjóður, sjötta, rekstur Búnaðarfélagsins með öllum þess ráðu-nautum, sjöunda skattfrjáls

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2

Árni J. J. Árnason

Kaupfélagsskapur, áttunda afurðasölulögin, sem í ~~samban~~ sambandi við alt hitt – sérstaklega of greiðan aðgang að lánsfé, er að leggja landbúnaðinn í rústir, og níunda, Krepplánasjóður, nafnið sjálft sýnir bezt árangurinn af allri viðreisnarstarfseminni, en auk þess koma skýrslur um, að 11. hvern dag, leggist 1. býli í eyði. Með öðrum orðum, – menn rísa ekki undir bjargráðum þings og stjórnar, og flýja. Í þennan jarðveg viskunnar og reynslunnar, hefur verið sáð hugmyndinni um Nýbýli sem sannarlega getur kallast „þjófur úr heiðskýru lofti" þegar athugaðar eru ástæðurnar til þess að fólkið flýr sveitirnar. Hvernig á að vera hægt að vinna upp nýbýli, þegar menn geta ekki hangið á jörðum sem hafa verið í rækt öldum saman? Því skyldi frekar vera hægt að fá fólk til að vinna á nýbýlum en gömlum? Það er þó talið stórt atriði í fólksfækkun sveitanna, að bændur fá ekki fólk til starfseminnar fyrir það verð, sem búskapurinn getur borið, gætu nýbýlin borgað betur? Gömlu býlin hafa þó einhver húsakynni fyrir menn og skepnur, auk þess skepnurnar og áhöld til búskaparins, og þekkingu bóndans sem hann hefur aflað sér í lífsstarfi sínu. Menn skyldu íhuga, að þó hægt sé að gera hvern sem er að ráðherra eða bankastjóra, þá er ekki hægt að gera hvern sem er að sjálfstæðum bónda.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3

Árni J. J. Árnason

Til nýbýlis þarf landeign – ræktun – hús – áhöld – skepnur – fólk. Það kostar engu síður fé, þó um nýbýli sé að ræða. Þegar búið væri að kaupa hæfilega stórt land, – þó ekki legði landið til, þá þarf bóndinn samt, að svara einhverjum greiðslum af því, sem miðaðar yrðu við verðmæti þess, – plægja það, og byggja hús yfir menn og skepnur, kaupa áhöld til rekstursins, þá ætti að minnsta kosti bændum, að geta gert sér í hugarlund, hvað atvinnuleysingi úr Rvk. eða Eskifirði, sem eignalaus réðist í að verða bóndi á nýbýli, væri orðinn skuldugur.

Ekki fær hann vinnufólk frekar en á eldri býlum, Ekki verða honum skuldirnar léttari, Flosnar hann ekki upp? Eða fer af öðrum ástæðum? Vill þá nokkur taka við? Legst ekki búið í eyði? Og þar með féð tapað sem lagt var í kostnaðinn, – um leið og hætt er að búa á jörðinni, hættir hún að svara vöxtum og afborgunum, og er einskis virði. Það hlýtur að myndast stórkostlegt skuldafargan við stofnun nýbýlis, nema gömlu býlin, sem ekki standa straum af sínum eigin skuldum verði skattlögð til að greiða skuldir nýbýlanna, eða máski eigi en, að skattleggja kaupstaðina, sem þá lendir á atvinnugreinunum sem upphaflega afla fjárins – útgerðinni. Hækkaðir skattar, eru hækkað vöruverð og þá um leið hækkað kaupgjald, og ekki bætir það úr atvinnuleysinu, og hver verður þá hagnaðurinn

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4/

Árni J. T. Árnason.

af nýbýlinu.? Nýbýlamálið á þennan hátt, er engin lausn. Menn byrjuðu í nágrenni R.v.k. að rækta smá og selja, vörðu í það frístundum og fé, í von um að fá arð af starfsemi sinni. Þeir sáu sjálfir að hér var möguleiki til að koma þeim tíma sem þeir ekki höfðu annað að gjöra, í verð, og eftir því sem meira var ræktað af nágrenni bæjarins, og jafnhliða fjölgaði fólkinu, færðist ræktunin lengra frá bænum, það sem upphaflega var byrjað í hjáverkum, var orðið að aðalatvinnu heillar fjölskyldu - það er nýbýli með grasnytjum og alifuglarækt, en þessi atvinna, eins og hver önnur byggist á markaðsmöguleikunum, - hér á vexti og viðgangi R.v.k. og að menn mættu selja vöru sína óáreittir og fá fyrir hana sanngjarnt verð - það verð, sem eðlilegt viðskiftalíf skapar. En stjórn og þing. gat ekki látið þessa atorkumenn í friði, það þurfti að setja fótinn fyrir þá, til þess að geta smalað atkvæðum handa dauðvona stjórnmálaflokki austan fjalls.

Með afurðasölulögunum var kippt fótunum undan þessari starfsemi sem menn gjörðu ótilhvattir, en svo eru þing og stjórn að þykjast vilja hvetja menn til jarðræktar og bygginga nýbýla, verja til þess ótemju fé með skattpíningu og hömlum á athafnafrelsi manna, og vilja endilega setja þá þar sem hinir tilvonandi bændur ekki geta séð að möguleikarnir

sem fyrir hendi. Það vantar markaðinn fyrir afurðirnar á staðnum, og annarsvegar er engin frekari trygging fyrir þá sem reisa vildu nýbýli t.d. austan fjalls, að ekki yrði farið eins með þá, og farið var með nýbýlabændur í nágrenni R.v.k. Ef til dæmis þyrfti að fá markað handa kjósendum Eysteins í Suðurmúlasýslu, yrði þá ekki tekið svo hátt verðjöfnunargjald af nýbýlabændum að búrekstur þeirra hætti að borga sig? Nýbýli verða á komast upp að sem mestu leiti án ráðstafana þess opinbera, húsun jarðanna verður að byrja smátt í samræmi við afrakstur ~~ann~~ býlisins, en eftir því sem ræktunin eykst, og búskapurinn blómgast, aukast möguleikar bóndans að bæta húsnæði sitt. Það opinbera á að láta atvinnulífið svo mikið afskiftalaust sem mögulegt er. Við fáum aldrei svo fullkomna menn í stjórn, að þeir sjái eins mikla möguleika og allir hinir til samans og geti ráðstafað eða leiðbeint hverjum manni hvað hann á að gera í hverju tilfelli, úr því sem komið er, getur ekkert bjargað þjóðinni annað en fullkomið athafnafrelsi ásamt stórkostlegri skatta og vaxta lækkun. Því miður kennir nauðsyn nakta konu að spinna.

Virðingarfyllst

Árni Árnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6

Árni J. J. Árnason

Vildur þér ekki reina að sjá til þess, að hætt sé að láta menn gutla við að mylja grjót með sleggju. Það virðist hneiksla alla aðra borgara bæjarins en verkfræðingana, eða þá sem stjórna bæjarvinnunni. Það er ekkert svar, að ekki sé annað við mennina að gjöra. Því gætu þeir ekki eins fleygt grjótinu í mulningsvél? Hvaða skaði væri skeður þó meira væri afkastað? Nóg er af grjótinu, og nóg er af vegum sem eru ópúkkaðir og ótal önnur verkefni til dæmis jarðræmsókn í nágrenni R.v.k. Ef atvinnuleysið eykst, er þá meiningin að láta mennina mylja grjótið milli fingranna, svo afköstin verði ekki of mikil? Það er rökrétt ályktun af því sem gjörist nú.

Virðingarfyllst

Árni

Árni J. J. Árnason
Bergstaðastræti 80
Sími 2107

Reykjavík 7/12 1938

Hr. prof. Bjarni Benidiktsson

Mörg eru konungseyru, og sama hljóðið bergt víða að, - ég sendi þettað samt.

Mér fynnst óviðeigandi af Thor Thors sem sjálfstæðismanni, að koma með tillögu um að ríkið yrði hluthafi í væntanlegu innanlands flugi - ríkið sem slíkt, á ekki að koma þar nærri - raunverulega á ekki ríkið ráð á öðru fé en því sem einstaklingar þess vilja leggja því til á hverjum tíma. Þess vegna getur ríkið ekki orðið hluthafi, nema með fé einstaklinganna, og því þá að vera að blanda ríkinu í það mál? Þegar reinslan sýnir, að atvinnulíf okkar er að fara í rústir vegna ofmikillar íhlutunar ríkisvaldsinns.

Magn. Jónsson flutti erindi á Varðarfundi fyrir nokkru, um skattamál. Hann sagði fundarmönnum að hann gerði ekki tillögur um skattalækkanir, því ríkisstjórnin ætlaðist ekki til þess af nefndinni

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

II

Árni J. J. Árnason

Eg og fleiri, héldum að hann væri fulltrúi sjálfstæðismanna í nefndinni og hann ætti að starfa þar samkvæmt stefnu þess flokks, en Morgunblaðið birti síðan þessi ummæli athugasemdalaust, svo eftir því virðist ekkert við það að athuga, þó menn séu Framsóknarmenn í starfi, ef menn berja sjálfstæðisbumbuna um kosningar. En heybrækur eru til lítilla nota í kaupstað — Nú almenningi virðist komin tími til, að strika út eitthvað af hinum ýmsu óþörfum ríkissjóðs, og virðist sem ekki megi þó minna vera, en fulltrúarnir beri fram tillögur, hvernig sem fer um framgang þeirra. Það er alveg víst, að gengi Magnúsar lækkaði —

Morgunblaðið flytur okkur þá fregn á fullveldisdaginn athugasemdalaust. að Vestur-Íslendingur hafi komið heim með kr. 8000.00. og þær hafi verið teknar af honum, og höfðað mál á hann fyrir að eiga þær. Ef hann hefði komið með upphæðina í dollurum þá hefðu þeir verið teknir af honum samkvæmt gjaldeyrislögunum, ef hann hefði komið með sterl. p. þá hefðu þau verið tekin á sama hátt. Nú virðist enginn efast um, að maðurinn hafi átt peningana

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

III

Árni J. J. Árnason

er það þá ekki brot á stjórnarskránni, að taka þá af honum? Og hefur ekki amerískur banki leyfi til, að gefa út ávísun á innstæðu sína hér? Og hver flytur inn peningana sem samband ísl. samvinnu fél. kaupir erlendis innanverðs?

Satt heita eru leiðtogarnir að „röfla" um sinarhug og bróðurþel við vesturíslendinga en þetta eru viðtökurnar ef þeir koma heim

Hefði ekki verið réttara að innheimta þessar sjöhundruð og eitthvað þúsund sem hafveitan á útistandandi, áður en farið var að leggja nýjan skatt á húseigendur?

Svona lúgsar nú fólkið

Virðingarfyllst

Árni Árnason

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur